

Fundur framkvæmdaráðs um sameiningu sveitarfélaga í A-Hún haldinn 07.11.2018 í fundarsal Blönduósbæjar.

Fundinn sátu, Dagný R. Úlfarsdóttir, Guðmundur H. Jakobsson, Halldór G. Ólafsson, Þorleifur Ingvarsson. Einnig sátu fundinn Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Jónasdóttir, frá Ráðrík ehf.

Þorleifur Ingvarsson bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 17.00.

Eftirfarandi fært til bókar.

1. Umræða varð um tímaplan vegna sameiningar og þau verkefni sem þurfa að vera klár áður en endanleg dagsetning á sameiningarkosningu verður ákveðin. Þá var rætt um möguleika til nýsköpunar og styrkingar á atvinnulífi svæðisins og mikilvægi þess að þau tækifæri sem felast í sameiningu sveitarfélaganna verði nýtt. Halldór lagði fram minnisblað um mikilvægi þess að tækifærið yrði nýtt til að þrýsta á aðkomu ríkisvaldsins, og að þá þyrfti að gefa sér tíma til þess.

Ákveðið var að Guðný og Svanfríður kortleggi þau verkefni/atvinnutækifæri sem möguleg væru til að styrkja atvinnulíf í A Hún og einnig við hverja væri helst að tala til að láta reyna á vilja stjórnvalda við styrkingu atvinnu í sameinuðu sveitarfélagi. Þær munu kalla framkvæmdaráðið til fundar þegar þessi undirbúningsvinna er í höfn. Í kjölfar þessa verði skipulagðir fundir með þeim sem líklegir eru til að geta haft áhrif á ákvarðanir eða geta tekið ákvarðanir um aðgerðir, þ.e. ráðherrum, þingmönnum og fólki í stjórnsýslunni. Stefnt er að því að þeim fundum verði lokið fyrir lok janúar nk. Þess er vænst að þá liggi fyrir hver aðkoma ríkisvaldsins verður að sameiningarferlinu og jafnframt hvernig ríkisvaldið komi að styrkingu atvinnulífs í nýju sveitarfélagi.

2. Ýmis atriði sem snerta málefnskrá vegna sameiningar sveitarfélaganna voru rædd og yfirfarin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19.00